

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014 vegna hafnarsvæðis H-1.

Skipulagsstofnun staðfesti 29. september 2014 breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014 vegna hafnarsvæðis H-1, sem samþykkt var í bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 11. september. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 25. september 2014.

Í breytingunni felst stækkun á landfyllingum um 5.690 m², að hámarksnýtingarhlutfall verði 0,6 og að á svæðinu fullbyggðu verði 88.000 m² húsnæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 29. september 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2014